

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík 26. mars 2015


Efni: Þingskjal 608 – 411. Mál frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 með síðari breytingum.

Knattspyrnudeild Breiðabliks fagnar framkomnu frumvarpi og styður heilshugar.

Varðandi 1. grein er vert að vekja athygli á ábyrgð stjórnarmanna og annarra sjálfboðaliða á að skila vörslusköttum. Opinberir aðilar geta beitt þungum viðurlögum við vanskilum á opinberum gjöldum og geta vanskil jafnvel varðað fangelsisvist. Þar sem íþróttastarfið er borið uppi af sjálfboðaliðum er nauðsynlegt að sjálfboðaliðar séu ekki að sýsla með vörsluskatta sem gætu bakað þeim mikla ábyrgð ef illa fer. Stór hluti af starfsemi íþróttafélaga og iðkenda er fjármagnaður með ýmiskonar fjáröflunum t.d. með vörusölu af ýmsum toga sem allt er eðli sínu virðisaukaskyld starfsemi. Þetta gæti dregið úr sjálfboðaliðum í hreyfingunni verulega ef þeim væri þessi ábyrgð að fullu ljós og því mjög mikilvægt að þetta nái fram að ganga.

Varðandi 2. grein þá yrði þetta mikil hvatning á alla þá sem koma að byggingu íþróttamannvirkja að gera enn betur en nú er gert til að bæta aðstöðuna vegna sívaxandi fjölgunar á iðkendum. Á undanförunum árum hefur náðst mikill árangur í uppbyggingu knattspyrnuvalla og knatthúsa víða um land en víða stendur þessi uppbygging fyrir dyrum og mun samþykki þessa frumvarps styðja vel við þá uppbyggingu sem framundan er. Uppbygging síðustu ára hefur skilað sér í auknum áhuga og árangri sem hefur verið tekið eftir víða um heim. Áframhaldandi uppbygging íþróttamannvirkja mun styðja við stærri og smærri samfélög. Knattspyrnudeild Breiðabliks vill þó breyta 2. grein þannig að að tímabilið sé frá 1. janúar 2015 til 1. janúar 2017.

Fyrir hönd knattspyrnudeildar Breiðabliks kt. 410284-1389


Breiðablik

Eysteinn Pétur Lárusson frkv.stjóri